

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 467 23. ágúst 1982 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum.

1. gr.

Tollskrárnúmerið 84.15.31 falli brott úr A-lið 2. gr. reglugerðarinnar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 107 30. desember 1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum, tekur gildi frá og með 1. ágúst 1984.

Fjármálaráðuneytið, 13. júlí 1984.

Albert Guðmundsson.

Ingólfur Friðjónsson.

12. júlí 1984

AUGLÝSING

Nr. 331

um staðfestingu á breytingu á áður staðfestu deiliskipulagi í Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 29. júní 1984 staðfest breytingu á áður staðfestu deiliskipulagi við Jófríðarstaðaveg að því er varðar lóð á horni Ölduslóðar sem nú er skipt í tvær lóðir.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Hafnarfjarðar og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 12. júlí 1984.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólfríður Snæbjörnsdóttir.

12. júlí 1984

AUGLÝSING

Nr. 332

um staðfestingu á aðalskipulagi Flúða í Hrunamannahreppi, Árnassýslu.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 26. júní 1984 staðfest aðalskipulagsuppdrátt af Flúðapéttbýli í Hrunamannahreppi.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af hreppsnefnd Hrunamannahrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 12. júlí 1984.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólfríður Snæbjörnsdóttir.